

Til sveitarstjórnar

Vegna heimsleika Special Olympics og 30 ára afmælisárs Special Olympics á Íslands gefur Íþróttasamband fatlaðra út kynningarblað sem verður dreift með **Fréttablaðinu 27. febrúar** og leitar sambandið nú til fyrirtækja eftir stuðningi til útgáfu blaðsins.

Íþróttasamband fatlaðra sendir í ár 38 keppendur sem munu taka þátt í 10 greinum. Yfir 500 Íslendingar hafa fengið tækifæri til þátttöku á Special Olympics sem haldnir eru fjórða hvert ár. Auk íþróttastarfs stendur SOI fyrir alþjóðaverkefnum sem miða að því að bæta heilsufar, menntun og daglegt líf þessa hóps.

Umfang og glæsileiki heimsleika Special Olympics líkist helst ólympíumótum en keppnisform er gjörólíkt. Engin lágmörk þarf á leikana og jafnt byrjendur sem lengra komnir taka þátt. Þátttakan er aðalatriðið, allir keppa við sína jafningja og allir eiga sömu möguleika á verðlaunum. Hugmyndafræði Special Olympics byggir á gildi umburðarlyndis og jafnræðis þar sem áhersla er á þátttöku, ánægju, einstaklingsmiðaða færni og ekki síst vináttu.

**Verð:**

Merki/logo fyrirtækis kr. 25.000

Stuðningskveðja til keppnisfólks kr. 10.000

Frekari upplýsingar eru í meðfylgjandi skjali.

Með kveðju og von um jákvæðar undirtektir,  
f.h. Íþróttasambands fatlaðra,

Anna